



Ársskýrsla 2018





Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Heiti á ensku: Environmental and Public Health Authorities of South Iceland

Starfssvæði: Suðurland og Vestmannaeyjar

Heimilisfang: Austurvegi 65, 800 Selfoss

Sími: 480 8250

Netfang: hsl@hsl.is

Heimasíða: www.hsl.is

Forsíðumynd: Landmannalaugar.

Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:.....	3
Inngangur	5
Hlutverk og uppbygging	5
Heilbrigðisnefnd	6
Starfsmenn	7
Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk	7
Samstarf.....	8
Samstarf við MAST og UST	8
Starfsemi.....	10
Innra starf	11
Kvartanir og ábendingar	11
Málaskrá og skjalavarsla.....	11
Reglubundið eftirlit.....	12
Sýnataka og niðurstöður	14
Sund- og baðstaðir vs. laugar í náttúrunni	15
Hollustuhættir	17
Matvæli.....	18
Breytingar á matvælalögum	19
Eftirlitsverkefni	19
Neysluvatn.....	19
Brauðkörfumálið.....	21
ESA úttektir.....	21
Umhverfis- og mengunarvarnir	22
Fjöldi starfsleyfa og gangur eftirlits	22
Reglugerðabreytingar á mengunarvarnasviði	22
Lóðir og lendur	23
Um ábyrgð eiganda eða umráðamanns húss, mannvirkis og/eða lóða	23
Kærur vegna hreinsunar lóða og lendna	24
Verkefni umhverfisgæðahóps UST og HES	24
Loftgæði.....	24
Sorp og seyra	26
Fjármál og rekstur	27
Lokaorð	29

Myndaskrá

Mynd 1. Heilbrigðisnefnd 2014-2018 ásamt starfsmönnum í Landmannahelli	6
Mynd 2. Heilbrigðiseftirlitssvæðin á Íslandi	8
Mynd 3. Fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits, stofnana og ráðuneyta í stjórnsýslunni.....	9
Mynd 4. Skráðar eftirlitsheimsóknir eftir árum.....	13
Mynd 5. Fjöldi fyrirtækja milli ára skipt eftir sviðum	13
Mynd 6. Samanburður sýna milli ára	14
Mynd 7. Kökurit yfir niðurstöður baðvatnssýna	15
Mynd 8. Kökurit yfir niðurstöður úr náttúrulegum	16
Mynd 9. Kökurit yfir niðurstöður neysluvatnssýna	16
Mynd 10. Kökurit yfir heildarniðurstöður	16
Mynd 11. Fjallaskáli	17
Mynd 12. Skipaskoðun	18
Mynd 13. Samanburður niðurstöðna neysluvatns milli ára.....	20
Mynd 14. Samanburður neysluvatnssýna í prósentum á milli ára	20
Mynd 15. Lóð sem þarfnast tiltektar	24
Mynd 16. Ársmeðaltal H ₂ S mælinga	25
Mynd 17. Framlög sveitarfélaga til rekstrar	27
Mynd 18. Tekjur HSL og hlutfall framlaga sveitarfélaganna	28
Mynd 19. Helstu kostnaðarliðir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. Ársreikningi	28

Töfluskrá

Tafla 1. Fundir heilbrigðisnefndar Suðurlands á árinu 2018	7
Tafla 2. Fjöldi starfsmanna og starfsaldur	7
Tafla 3. Heilbrigðiseftirlitssvæðin og fjöldi heilbrigðisfulltrúa 2018.....	10
Tafla 4. Ný mál eftir helstu málaflokkum	12
Tafla 5. Lokin mál eftir helstu málaflokkum	12
Tafla 6. Sýnatökur flokkaðar	15

Inngangur

Ársskýrsla þessi er stutt samantekt um helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á árinu 2018. Aftast í skýrslunni er útdráttur úr ársreikningi 2018. Jafnframt er í skýrslunni fróðleikur um uppbyggingu heilbrigðiseftirlits í landinu og skýringar á samstarfi við önnur heilbrigðiseftirlitssvæði og tengdar stofnanir. Finna má í skýrslunni upplýsingar um fjölda eftirlitsskyldra aðila, fjölda mála, sýnatökur og fleira. Þá er einnig yfirlit yfir helstu mál ársins skipt eftir málaflokkum. Farið er yfir hlutverk heilbrigðiseftirlitsins og uppbyggingu ásamt rekstrarupplýsingum. Skýrslan nær yfir tímabilið 1. janúar 2018 til 31. desember 2018.

Skýrslan er einungis send á rafrænu formi bæði til sveitarfélaga og helstu samstarfsstofnana, en hægt er að fá hana senda á prenti samkvæmt beiðni. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu embættisins: www.hsl.is.

Hlutverk og uppbygging

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands nær frá Vífilfelli í vestri og að Skeiðarársandi í austri. Starfssvæðið nær upp á hálendið þar sem starfsleyfis skyld starfsemi er t.d. sala gistingar í fjallaskálum og einstaka veitingastaðir. Vestmannaeyjar eru útvörður svæðisins í suðri. Rekstur heilbrigðiseftirlits er lögbundið verkefni sveitarfélaga sem bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri þess skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. Þar segir m.a. „*Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits...*“ og „*Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar*“. Heilbrigðisnefnd er kosin á aðalfundi til fjögurra ára í senn. Sveitarfélögin sem standa að Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eru:

- Ásahreppur
- Bláskógabyggð
- Flóahreppur
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Hrunamannahreppur
- Hveragerðisbær
- Mýrdalshreppur
- Rangárþing eystra
- Rangárþing ytra
- Skaftárhreppur
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Sveitarfélagið Árborg
- Sveitarfélagið Ölfus
- Vestmannaeyjabær

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd Suðurlands er þannig skipuð 2018-2022

Formaður:	Helgi S. Haraldsson, Sveitarfélaginu Árborg
Varaformaður:	Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð
	Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
	Páll Tómasson, Mýrdalshreppi
	Styrmir Sigurðarson, Vestmannaeyjabæ
Fulltrúi atvinnurekenda	Oddur Árnason, Rangárþingi eystra
Varamenn eru:	Guðbjörg Jónsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
	Sigurður Sigurjónsson, Hrunamannahreppi
	Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
	Lilja Einarisdóttir, Rangárþingi eystra
	Sigurhanna Friðþórsdóttir, Vestmannaeyjabæ
Varafulltrúi atvinnurekenda	Sigurður Rafn Hilmarsson



MYND 1. HEILBRIGÐISNEFND 2014-2018 ÁSAMT STARFSMÖNNUM Í LANDMANNAHELLI

Á árinu hélt nefndin níu fundi eins og kemur fram í töflu 1 og eru fundargerðir birtar jafnóðum á heimasíðu embættisins. Á mynd nr. 1 er meiri hluti heilbrigðisnefndarinnar sem var starfandi 2014-2018 ásamt framkvæmdastjóra og starfsmönnum, tekin þegar nefndin fór í vettvangsferð í Landmannalaugar og um Fjallabak syðra sumarið 2018. Mikil endurnýjun varð á

Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2018 eftir sveitarstjórnarkosningarnar og eru einungis tveir nefnarmanna áfram starfandi í nýju heilbrigðisnefndinni.

TAFLA 1. FUNDIR HEILBRIGÐISNEFNDAR SUÐURLANDS Á ÁRINU 2018

Fundur nr.	dags.
184	25. janúar
185	22.mars
186	3. maí
187	31.maí
188	29.júní
189	23. ágúst
190	26. september
191	31. október
192	5. desember

Starfsmenn

Fastráðnir starfsmenn hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eru sex eins og kemur fram í töflu 2. Þar eru nöfn starfsmanna og starfsaldur. Allir hafa þeir réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúar. Jafnframt var sumarafleysingamaður við störf hluta af árinu, Þorsteinn Þorvarðarson, heilbrigðisfulltrúi, en hann hefur áralanga reynslu í faginu, einnig af öðrum svæðum á landinu. Fjölbreytt menntun starfsmanna styður við hin fjölbreyttu verkefni sem við er að eiga.


TAFLA 2. FJÖLDI STARFSMANNA OG STARFSALDUR

Nafn	starf	starfshlutfall %	starfsaldur, ár
Sigrún Guðmundsdóttir	framkvæmdastjóri	100	16
Áslaug Rut Áslaugsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	15
María Berg Guðnadóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	13
Stella Hrönn Jóhannsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	6
Ágúst Óskar Sigurðsson	heilbrigðisfulltrúi	100	4
Reynir Freyr Jakobsson	heilbrigðisfulltrúi	100	2

Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk

Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru 10 og er skipan þeirra ákveðin skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Svæðin 10 hafa með sér mikla samvinnu og hafa með sér formleg samtök í þeim tilgangi: Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) en í þeim sitja formenn og framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Á heimasíðu SHÍ www.shi.is er

hægt að nálgast upplýsingar um öll svæðin. Mynd 2 sýnir skiptingu landsins í eftirlitssvæði. Á flestum svæðunum er rekstur heilbrigðiseftirlits samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga líkt og á Suðurlandi. Einungis í Reykjavík er sér embætti heilbrigðiseftirlits fyrir eitt sveitarfélag og stendur borgin þannig ein að rekstri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.



MYND 2. HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN Á ÍSLANDI

Samstarf


Heilbrigðiseftirlit Suðurlands á í samstarfi við átta embætti skipulags- og byggingafulltrúa auk þeirra 14 sveitarfélaga sem standa að embættinu. Aðrar samstarfsstofnanir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands út á við eru Sýslumenn, önnur heilbrigðiseftirlitssvæði, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. Tvö sýslumannsembætti eru á svæðinu auk þess sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur nú bæst við sem samstarfsaðili því nú er heimagisting skráð rafrænt hjá honum á slóðinni: www.heimagisting.is. Tilkynnt er til lögreglunnar ef upp kemst um rekstur á gististöðum án skráningar eða rekstrarleyfis.

Samstarf við MAST og UST

Matvælastofnun hefur samkvæmt matvælalögum það hlutverk að stuðla að samræmdu matvælaeftirliti í landinu öllu og er það gert m.a. með útgáfu leiðbeininga og samvinnu í samstarfshóp sem kallast í daglegu tali „Matvælahópurinn“. Hann samanstendur af fulltrúum frá Matvælastofnun og heilbrigðisfulltrúum af öllu landinu. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur gegnum tíðina verið virkur þátttakandi í því starfi. Nýjung í þessu samstarfi er að taka upp eftirlitskerfið ÍSLEYF sem Matvælastofnun hefur umsjón með. Það er verkefni sem hófst á árinu 2018 í samræmi við breytingu á matvælalögunum á árinu. Sjá nánar undir kaflanum um matvæli hér aftar.

Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir það hlutverk að stuðla að samræmdu eftirliti á sviði hollustuhátta, umhverfis- og mengunarvarna og einnig efnavörueftirlits. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er virkur þátttakandi í samræmingarhópum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með. Það er annars vegar Umhverfisgæðahópurinn sem hefur samræmingu eftirlits með mengandi starfsemi á verkefnaskránni og fundar mánaðarlega yfir vetratímann. Hins vegar er Hollustuháttahópurinn sem einnig fundar að jafnaði mánaðarlega yfir vetratímann. Á slíkum fundum eru álitamál í eftirliti rædd, nýjungar/breytingar á löggjöf/reglugerðum kynntar og eftirlit samræmt betur á landsvísu. Jafnframt taka heilbrigðisfulltrúar fullan þátt í uppfærslu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum sem Umhverfisstofnun birtir á heimasíðu og er öllum opið, sjá slóð:

<https://www.ust.is/atvinnulif/heilbrigdiseftirlit/starfsleyfisskilyrði/>



MYND 3. FYRIRKOMULAG HEILBRIGÐISEFTIRLITS, STOFNANA OG RÁÐUNEYTA Í STJÓRNSÝSLUNNI

Mynd 3 sýnir hvernig tengslum heilbrigðiseftirlits er háttað við önnur stjórnvöld og aðrar tengdar stofnanir. Ágreining um ákvarðanir heilbrigðisnefnda er hægt að kæra til æðra stjórnvalds sem eru Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (Úua) sem starfar á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er hægt að kæra ákvarðanir heilbrigðisnefnda á grundvelli Matvælalaga nr. 93/1994 til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Slík kærur koma reglulega upp og er hægt að nefna að á vegum Úua féllu þrír úrskurðir vegna ákvarðana Heilbrigðisnefndar Suðurlands á árinu 2018. Allir staðfestu þeir ákvarðanir heilbrigðisnefndarinnar. Önnur kæruleið sem er fær fyrir eftirlitsþega eru dómstólarnir. Undir kaflanum um matvæli hér neðar er fjallað nánar um mál sem var höfðað gegn embættinu fyrir Héraðsdómi Suðurlands og sér enn ekki fyrir endan á.

Í töflu 3 hér á eftir er listað upp til fróðleiks hver fjöldi heilbrigðisfulltrúa á hverju svæði fyrir sig er og einnig er hægt að lesa út úr töflunni hvernig kynjaskiptingin er á svæðunum, eða 27 karlar og 32 konur.

TAFLA 3. HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN OG FJÖLDI HEILBRIGÐISFULLTRÚA 2018

Heilbrigðiseftirlitssvæði	samtals	karlar	konur
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	23	8	15
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis	8	3	5
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis	2	2	
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	2	1	1
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	2	2	
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	2	1	1
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	4	2	2
Heilbrigðiseftirlit Austfjarðasvæðis	5	2	3
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	6	2	4
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	5	4	1

Starfsemi

Megin starfsemi embættisins eru leyfisveitingar og reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum og stofnunum. Önnur verkefni eru fyrirferðarmikil s.s. umsagnir vegna rekstrarleyfa og vegna skipulagsmála eins og sést í yfirliti yfir helstu mál í töflum 4 og 5.

Helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru:

- Reglubundið eftirlit og leyfisveitingar.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi.
- Umsagnir um veitinga- og gististaði vegna rekstrarleyfa og vegna tækifærisleyfa sem sýslumenn veita.

- Umsagnir vegna skipulagsmála til skipulags- og byggingafulltrúa.
- Umsagnir vegna brennuleyfa sem sýslumenn veita.
- Vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun og álímingar.
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga.

Innra starf

Heimasíða Heilbrigðiseftirlitsins www.hsl.is er í stöðugri þróun. Á heimasíðunni eru birtar allar umsóknir vegna mengandi starfsleyfa jafnóðum og þær berst. Jafnframt eru auglýst þar starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, sem og öll útgefin leyfi ásamt greinargerðum skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnareftirlit. Á heimasíðunni er jafnframt að finna lista yfir öll starfsleyfi í gildi hjá embættinu.

Kvartanir og ábendingar

Á heimasíðunni auðveld leið fyrir almenning að fara með skráningu alls konar ábendinga og kvartana. Það er skilvirk leið til að koma slíku á framfæri og er æskilegt að kvartanir séu skriflegar til að tryggja að þær skili sér. Ábendingar sem berast með öðrum hætti fara ekki sömu úrvinnsluleið og móttaka kvartana með skriflegum hætti gegnum heimasíðu.

Á heimasíðunni er meindýraeyðum gert kleift að skila rafrænt lögbundnum skýrslum um unnin verk. Þeim er skylt að skila skýrslum til heilbrigðiseftirlits við eyðingu á rottum og veggjalús skv. 12. gr. reglugerðar nr. 980/2015 um meðferð varnarefna, en þar segir:

Að lokinni vinnu við útrýmingu á rottum eða veggjalús ber handhafa notendaleyfis að gera skýrslu um verkið og senda til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Þar skal koma fram hver er verkbeiðandi, um hvaða meindýr var að ræða, hver framkvæmdi verkið og hvenær, hvaða útrýmingarefni voru notuð til verksins og varúðarráðstafanir sem gripið var til í því skyni að vernda heilsu manna og dýra, annarra en meindýra, og umhverfið. Skýrslu skal skila innan þriggja virkra daga ef um er að ræða útrýmingu á veggjalús en innan mánaðar ef um er að ræða útrýmingu á rottum.

Því miður hefur þessum tilkynningum ekki verið sinnt sem skyldi af starfandi meindýraeyðum. En með hinni miklu fjölgun ferðamanna er líklegt að tilfellum veggjalúsa hafi einnig fjölgað. Ástæðan fyrir því að veggjalús er tilkynningaskyld líkt og rottur er að það er óværa sem er erfitt að útrýma ef ekki er tekið á því af festu um leið og þeirra verður vart.

Málaskrá og skjalavarsla

Heilbrigðiseftirlit hefur lögbundnar skyldur við varðveislu skjala. Það er mikilvægur hluti starfseminnar að halda utan um mál og öll skjöl sem tengjast starfseminni. Í töflum 4 og 5 hér

á eftir má sjá yfirlit yfir fjölda nýrra og lokinna mála hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á árinu 2018. Undir „Almenn mál“ heyra mál eins og *beiðnir um upplýsingar* (37 mál), *innkallanir á matvælum* (19 mál), ýmsar kvartanir, mál varðandi fráveitur og sorp, lóðir og lendur svo eitthvað sé nefnt. Reglubundið eftirlit almennt er ekki talið til sérstakra mála í málaskráningarkerfinu og er fjallað um það í næsta kafla. Töflurnar sýna skiptingu milli einstakra málaflokka og á eftir flokknum: „*almenn mál*“ eru þar umsagnir fyrirferðarmestar. Umsagnir skiptast aðallega í tvo flokka. Annars vegar umsagnir til sýslumanna vegna gisti- og veitingaleyfa og hins vega umsagnir til skipulagsfulltrúa og til Skipulagsstofnunar vegna hvers konar skipulagsmála.

TAFLA 4. NÝ MÁL EFTIR HELSTU MÁLAFLOKKUM

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
<i>Almennt mál</i>	30	30	20	27	17	28	25	19	20	27	21	21	285
<i>Brennuleyfi</i>	0	0	0	0	2	4	5	1	0	0	28	1	41
<i>Eftirlit</i>	0	2	2	1	2	1	3	2	2	0	3	1	19
<i>Skipulag umsagnir</i>	1	15	3	7	15	5	7	12	10	7	21	8	111
<i>Starfsleyfi</i>	18	23	22	29	31	24	28	16	18	21	22	12	264
<i>Tóbakssöluleyfi</i>	1	0	0	2	1	1	1	0	2	1	2	2	13
<i>Tækifærisleyfi</i>	19	5	6	4	5	5	12	8	3	4	5	7	83
<i>Veitinga/gisti umsagnir</i>	6	15	13	17	16	22	40	10	13	10	15	11	188
<i>Samtals</i>	75	90	66	87	89	90	121	68	68	70	117	63	1004


TAFLA 5. LOKIN MÁL EFTIR HELSTU MÁLAFLOKKUM

<i>Mánuður / Tegund máls</i>	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
<i>Almennt mál</i>	26	33	20	11	16	22	14	29	23	12	35	99	340
<i>Brennuleyfi</i>	1	0	0	0	1	2	4	5	0	0	1	29	43
<i>Eftirlit</i>	1	1	3	1	1	1	1	4	2	4	0	2	21
<i>Skipulag umsagnir</i>	3	4	5	2	19	3	1	28	4	3	4	70	146
<i>Starfsleyfi</i>	28	15	22	20	12	32	22	21	20	18	24	41	275
<i>Tóbakssöluleyfi</i>	4	0	0	2	0	1	0	3	1	0	2	5	18
<i>Tækifærisleyfi</i>	19	7	5	4	2	7	8	9	6	3	6	8	84
<i>Veitinga/gisti umsagnir</i>	14	10	8	14	6	18	29	14	16	16	18	22	185
<i>Samtals</i>	96	70	63	54	57	86	79	113	72	56	90	276	1112


Reglubundið eftirlit

Á árinu 2018 var fjöldi eftirlitsskyldra aðila 1561 og eftirlitsferðir vegna þeirra, skv. eftirlitsáætlun alls 1087. Til viðbótar þessu eru síðan heimsóknir vegna nýrra umsókna og ferðir vegna

tilfallandi eftirlits, eftirfylgni vegna athugasemda og kvartana. Skráðar eftirlitsferðir á árinu voru 1334 talsins eins og kemur fram í súluriti á mynd 4 ásamt samanburði milli ára. Fjöldi eftirlitsferða getur verið nokkuð mismunandi milli ára og ræðst það helst af fjölda heimsóknna sem hvert fyrirtæki, sem er ákvarðað samkvæmt áhættumati hvers fyrirtækjaflokks. Tíðnin getur þannig verið allt frá því að vera einu sinni á fjöggra ára fresti og upp í heimsóknir annan hvern mánuð. Á 15 ára tímabili hefur aukning í verkefnum verið jafnt og þétt og lætur nærri að vinna við eftirlit hafi tvöfaldast á þessu árabili. Reikna má með að fjölgunin eigi eftir að halda áfram næstu árin, sérstaklega ef tekið er mið af vexti ferðaþjónustunnar á Suðurlandi.



MYND 4. SKRÁÐAR EFTIRLITSHEIMSÓKNIR EFTIR ÁRUM




MYND 5. FJÖLDI FYRIRTÆKJA MILLI ÁRA SKIPT EFTIR SVIÐUM

Á mynd 5 eru upplýsingar um fjölda fyrirtækja milli ára og skiptingu þeirra í þrjú svið, þ.e. í umhverfis- og mengunarvarnarsvið, matvælasvið og hollustuháttasvið. Öll fyrirtækin eru gróflega flokkuð á þann hátt og fer þá eftir meginstarfsemi í hvaða flokki þau lenda. Flest fyrirtæki eru þó blönduð og geta sum fyrirtækin tilheyrt öllum flokkum að einhverju leyti s.s. hótél með eigin fráveitu, sem dæmi. Það yrði þó flokkað sem hollustuháttafyrirtæki þar sem sala gistingar er meginstarfsemin.

Í árlegri eftirlitsáætlun, sem lögð er fram á fundi heilbrigðisnefndar í upphafi hvers árs er gerð áætlun um fjölda eftirlitsheimsóknna á árinu. Í upphafi hvers árs liggja þannig fyrir skilgreind meginmarkmið sem vinna á út frá, auk undirmarkmiða á hvern málaflokk. Megináherslan er að sinna reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum sem eiga að fá slíkt.

Sýnataka og niðurstöður

Árið 2018 voru 351 sýni tekin í eftirlitsferðum heilbrigðisfulltrúa og er svipaður fjöldi sýna og undanfarin ár. Fjöldi sýna í reglubundnu eftirliti er mismunandi milli ára og byggist það á sýnatökuáætlun fyrir árið. Sýnatökur eru endurteknar standist sýni ekki þær gæðakröfur sem til þeirra eru gerðar í viðeigandi reglugerð. Rekstraraðilum er gefinn frestur til endurbóta áður en til endurtekningar sýnatöku kemur nema verið sé að staðfesta hugsanlega mengun eða smit. Í þeim tilfellum ný sýnataka framkvæmd svo fljótt og kostur er eftir að fyrri niðurstöður liggja fyrir. Nokkrar ástæður liggja fyrir auknum fjölda sýna fyrir utan reglubundnar sýnatökur með vatnsveitum/einkavatnsbólum og baðstöðum. Aukinn fjöldi sumarhúsa í útleigu kallar m.a. á aukinn fjölda neysluvatnssýna. Nánar er fjallað um neysluvatn undir kaflanum um matvæli aftar í skýrslunni.



MYND 6. SAMANBURÐUR SÝNA MILLI ÁRA


Á mynd 6 eru niðurstöður sýna bornar saman milli ára og er þar átt við allar gerðir sýna hvort sem um er að ræða neysluvatn, matvæli eða baðvatn o.fl. og hvernig sýnin voru metin. Í töflu 6 hér að neðan má sjá helstu skiptingu á sýnatökuflokkum sem gerðar voru árið 2018 ásamt niðurstöðum úr þeim flokkum. Kökurit á myndum nr. 7-9 skýra sig sjálf að mestu leyti en þar kemur fram hlutfall sýna sem stóðust kröfur viðkomandi reglugerða og þeirra sem féllu.

Sund- og baðstaðir vs. laugar í náttúrunni


Taka skal fram að mun meiri kröfur eftir reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum en í náttúrulegum samkvæmt reglugerð 460/2015 um baðstað í náttúrunni og skýrir það þann litla mun í „gæðum“ sem virðast vera samkvæmt myndunum. Þó nokkrir aðilar sem hyggjast fara í rekstur náttúrulega hafa sýnt reglugerðinni mikinn áhuga. Breytingar voru gerðar nýlega á reglugerðinni sem opna verulega á slíkan rekstur þar sem nú er hægt að skilgreina manngerða laug (afþreyingarlaug) undir reglugerð um baðstaði í náttúrunni sem var ekki hægt við gildistöku hennar.

TAFLA 6. SÝNATÖKUR FLOKKAÐAR


Gerð sýnis	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Ekki metið	Alls
Baðvatn	91	35		126
Neysluvatn	159	24	2	185
Yfirborðsvatn			18	18
Náttúrlaugar	8	3		11
Matvæli	1	1	2	2
Varnarefni	5			5
Önnur sýni	2			2
Samtals	266	63	22	351
Gerð sýnis	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Ekki metið	Alls




MYND 7. KÖKURIT YFIR NIÐURSTÖÐUR BAÐVATNSSÝNA



MYND 8. KÖKURIT YFIR NIÐURSTÖÐUR ÚR NÁTTÚRULAUGUM



MYND 9. KÖKURIT YFIR NIÐURSTÖÐUR NEYSLUVATNSSÝNA



MYND 10. KÖKURIT YFIR HEILDARNIÐURSTÖÐUR

Hollustuhættir

Í lok árs 2018 voru 823 fyrirtæki með gilt starfsleyfi á sviði hollustuhátta en fyrirtækjum á þessu sviði hefur farið jafnt og þétt fjölgandi undanfarin ár sem einna helst má rekja til aukinnar starfsleyfissskyldra þjónustufyrirtækja fyrir ferðamenn, t.d. gististaði. Langflest fyrirtæki með starfsleyfi hjá heilbrigðiseftirlitinu eru á sviði hollustuhátta og helstu reglugerðir á því sviði reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni og reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Þetta eru m.a. allar gerðir gististaða, samkomustaðir, heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir, dagforeldrar með sex eða fleiri börn, heimili og stofnanir fyrir börn, líkamsræktar- og íþróttamiðstöðvar, tjaldsvæði, útihátíðir sem standa yfir í þrjár klukkustundir eða lengur, almenningssalarni, snyrtistofur og skyld starfsemi, sund- og baðstaðir, náttúrlaugar sé rekstur í kringum þær, opin leiksvæði sem almenningur hefur aðgang að o.fl.

Eftirlit á sviði hollustuhátta gekk þökkalega en miklar annir voru hjá embættinu og það náðist að fara í flest allt reglubundið eftirlit. Farið var í fjórar skipaskoðanir á árinu sem er í takt við fjölda skipaskoðana undanfarinna ára. Það er tímafrekt eftirlit einkum vegna þess að leitast er við að tveir fari í slíkar skoðanir. Fyrirspurnum vegna húsnæðisúttekta sem aðallega beinast að raka og leka eru sveiflukenndar og oft háðar umræðum í samfélaginu. Oft snýst fólk hugur um slíkar skoðanir þegar það veit að heilbrigðiseftirlitið er ekki í sýnatöku og þá er fólk leiðbeint um hvert það getur leitað sér slíkrar þjónustu. Eins kemur fyrir að fólk hætti við beiðni um húsnæðisúttektir þegar það veit um kostnaðinn sem fylgir því og ef um leiguþúsnæði er um að ræða þegar það er upplýst um að eiganda þúsnæðis verði einnig gefin kostur á að vera viðstaddur slíka úttekt.

Þó nokkuð var um eftirlit í fjallaskála yfir sumarið og fengu heilbrigðisfulltrúar m.a. að vera í samfloti við hálendisvakt Lögreglunnar á Suðurlandi og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir það. Auk þess var verktaki



MYND 11. FJALLASKÁLI

fenginn til að keyra heilbrigðisfulltrúa milli fjallaskála. Mynd 11 sýnir dæmi um aðbúnað í fjallaskála á Suðurlandi.

Tvær stórar útihátíðir voru haldnar á starfssvæði Heilbrigðiseftirlitsins Suðurlands um verslunarmannahelgina og heppnuðust báðar með ágætum. Gott samstarf og góður undirbúningur þeirra skilar sér þannig að hægt er að afgreiða leyfismál og umsagnir vegna þeirra fljótt og vel þegar að hátíðirnar eru að hefjast. Eftirlit vegna útihátíða lýtur að mörgum þáttum s.s. matvælaeftirliti og þá



MYND 12. SKIPASKOÐUN

þarf að ná í alla þá sem eru með rekstur á útisamkomunni en auk þess er þeim sem heldur hátíðina skylt að sjá til þess að allir aðilar séu með tilskilin leyfi. Heilbrigðiseftirlitið tekur auk þess út salernisaðstöðu, aðstöðu sem lýtur að aðhlyningu mótsgesta sé hún til staðar eða fær upplýsingar um hvernig henni er háttað. Upplýsingar um sorpmál og þrif á mótsstað skulu liggja fyrir þegar sótt er um leyfi auk annara upplýsinga.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tók þátt í árlegu samræmdu eftirlitsverkefni á landsvísu sem er hluti af verkefnum hollustuháttahóps heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar og var eftirlitsverkefni árið 2018 úttekt á sund- og baðstöðum. Var þetta í þriðja sinn sem það er keyrt en til samanburðar en slík úttekt er að jafnaði framkvæmd á 5 ára fresti. Gæði baðvatns voru athuguð með sýnatökum og gátlisti útfylltur með spurningar um öryggisatriði. Skýrsla vegna verkefnisins verður birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is

Matvæli

Fjöldi matvælafyrirtækja í árslok 2018 var 411 eins og lesa má út úr súluriti á mynd 5. Það er svipaður fjöldi matvælafyrirtækja og hefur verið undanfarin ár. Um matvælafyrirtæki gilda lög nr. 93 /1995 um matvæli. „*Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar að aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi*“. Auk þess gilda um matvælafyrirtæki mengandi skilyrði á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Breytingar á matvælalögum

Með lögum nr. 33/2018 voru gerðar breytingar á lögum um matvæli nr. 93/1995 er varða eftirlit Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna í þeim tilgangi að samræma eftirlit og upplýsingagjöf þessara aðila. Gildistöku breytinganna er þannig háttað að lögin taka gildi 1. janúar 2019 ef frá eru talið ákvæðin í a. lið 2. gr. (opinber birting á upplýsingum um flokkun fyrirtækja og heimild ráðherra til að setja reglur um birtingu eftirlitsskýrsla) sem öðlast gildi frá og með 1. janúar 2021. Hluti af þessum breytingum felst í að heilbrigðiseftirlit taki um skráningar á eftirliti með sama hætti og Matvælastofnun gerir. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur þegar hafið vinnu við gagnagrunninn Ísleyf sem á að halda utan um samræmdar skráningar á eftirliti og verður birting á öllum eftirlitsskýrslum væntanlega hafin í ársbyrjun 2021.

Eftirlitsverkefni


Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Matvælastofnun, í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, könnuðu stöðuna á algengustu sjúkdómsvaldandi örverum í kjöti á markaði á árinu 2018. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sá um sýnatökuna í smásöluverslunum. Tekin voru um 600 sýni af alifuglakjöti, svínakjöti, nautagripakjöti og kjöti af sauðfé í matvöruverslunum, valdar af handahófi, uppruni sýnis var ekki látið hafa áhrif á val en sýnið skyldi vera lýsandi fyrir þær vörur sem voru á markaði. Niðurstöður hafa verið birtar í skýrslu á vef Matvælastofnunar, sjá slóð: http://www.mast.is/library/Skýrslur/skyrsla_syklalyfjaonaemi_2018.pdf

Varnarefnamælingar eru mikilvægur hluti eftirlits með framleiðslu á matjurtum. Stór hluti slíkrar framleiðslu á landsvísu er á Suðurlandi.


Neysluvatn

Á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru fjölmargar vatnsveitur og er heildarfjöldi starfsleyfa vegna neysluvatns 143. Stærstu vatnsveiturnar eru reknar af sveitarfélögum. Alls voru tekin 183 sýni af neysluvatni á árinu 2018. Af þeim voru 159 fullnægjandi, 24 voru ófullnægjandi. 8 þessara sýna voru vegna tveggja uppákomna í jafnmörgum vatnsveitum þar sem saurkólímengað yfirborðsvatn barst í neysluvatnið. Í báðum tilfellum hefði gott innra eftirlit auðveldlega getað hindrað þær uppákomur.

Í heild má segja að ástand þessara mála sé gott á Suðurlandi. Þó er ástæða til að hvetja til þess að fækka litlum vatnsveitum og einkavatnsbólum. Sameinast verði um að mynda vatnsveitur þar sem vatni frá bestu vatnsbólum viðkomandi svæðis sé dreift til sem flestra. Aðgangur að hreinu og heilnæmu vatni er forsenda fyrir búsetu og matvælaframleiðslu.



MYND 13. SAMANBURÐUR NIÐURSTAÐNA NEYSLUVATNS MILLI ÁRA



MYND 14. SAMANBURÐUR NEYSLUVATNSSÝNA Í PRÓSENTUM Á MILLI ÁRA

Hér á landi eru sérstakar aðstæður varðandi neysluvatn þar sem neysluvatni er almennt veitt ómeðhöndluðu til neytenda. Hinn jarðfræðilega ungi berggrunnur Íslands sýar vel það vatn sem um hann rennur. Til að þau vatnsgæði skili sér til neytenda er ekki síður mikilvægt að haga frágangi vatnsbóla með þeim hætti að ekki komist yfirborðsvatn að til að menga neysluvatnið. Einnig er mikilvægt að skilgreina vatnsvernd umhverfis vatnsból til að koma í veg fyrir mengun

neysluvatns. Girða verður síðan kringum sjálft vatnsbólið svo umferð manna og dýra sé sem allra minnst við það.

Brauðkörfumálið

Haustið 2016 gerði Heilbrigðiseftirlit Suðurlands athugasemdir við frágang á brauði í verslun Krónunnar á Selfossi. Raunar var búið að gera svipaðar athugasemdir varðandi þennan frágang á öðrum eftirlitssvæðum í búðum verslanakeðjunnar. Stefndi málið í að beita þyrfti þvingunaraðgerðum til að fá rekstraraðilann til að sinna nauðsynlegum úrbótum sem tryggðu matvælaöryggi. Til þess kom þó ekki, því verslunin gerði viðeigandi úrbætur með því að setja brauðin undir hlífir í sölu. Þrátt fyrir það ákvað Krónan að stefna Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, ásamt sveitarfélaginu Árborg. Krafðist bóta fyrir tjón sem af þessum úrbótum hefði hlotist, fyrir Krónuna. Einnig var fullyrt, fyrir Héraðsdómi Suðurlands að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefði ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni. Jafnframt brotið gegn ákvæði í 75. grein stjórnarskrárinnar varðandi atvinnufrelsi. Einnig að jafnræðisregla hafi verið brotin þar sem viðlíka kröfur hafi ekki verið gerðar til framsetningar á grænmeti í grænmetisborði og til sælgætis í nammibar. HSL tók til varna og taldi að ekki hefði verið sýnt fram á tjón vegna þessa og að rannsóknarskyldunni hefði verið sinnt með eftirlitsheimsóknunum. Þarna var í raun verið að takast á um 30. grein laga nr. 93/1995 um matvæli. Þessi grein heimilar m.a. eftirlitsaðila að grípa til aðgerða ef rökstuddur grunur er að matvæli séu heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða menguð. Með dómi sem kveðinn var upp af Héraðsdómi Suðurlands þann 4. mars 2019, var fallist á öll Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Dóminn en hægt að nálgast á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, sjá slóð: <https://www.hsl.is/2019/04/heilbrigdiseftirlit-sudurlands-og-sveitarfelagid-arborg-syknud-af-ollum-krofum-kronunnar-ehf/> 1. apríl 2019 áfrýjaði Krónan þessu máli til Landsréttar.

ESA úttektir

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur eftirlit með framkvæmd reglna Evrópska efnahagssvæðisins á Íslandi, í Liechtenstein og Noregi, og gerir ríkjunum þannig kleift að taka þátt á innri markaði Evrópu. Úttektir á vegum eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) eru yfirleitt 2-4 hér á landi.

Á árinu 2018 tók Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þátt í úttekt ESA hvað varðar eftirlit með meðferð á aukaafurðum dýra skv. reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Við úttektina komu í ljós ýmsar brotalamir á innleiðingu og framkvæmd löggjafarinnar hér á landi sem ekki hafði verið ráðið bót á frá síðustu úttekt, þ.m.t. óskýr hlutverk og aðkoma ólíkra stjórnvalda að málaflokknum og óljós mörk hvað varðar valdsvið og þvingunarúrræði þeirra sem að eftirlitinu skulu koma. Í kjölfarið var hrint af stað vinnu við útbætur undir forystu Matvælastofnunar sem

vonandi leiðir til þess að öllum frávikum verði lokið innan þess frests sem gefin var að hálfu ESA. <http://www.eftasurv.int/about-the-authority/the-authority-at-a-glance-/eftirlitsstofnun-efta/>

Umhverfis- og mengunarvarnir

Umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit tekur til vöktunar og eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum auk fræðslu um þessi mál.

Fjöldi starfsleyfa og gangur eftirlits

Árið 2018 voru aðilar með gilt starfsleyfi á umhverfis- og mengunarvarnasviði 327. Hefur þeim fækkað um 21 frá fyrra ári. Eftirlit gekk vel á árinu og voru fáar stórar athugasemdir gerðar og ekki þurfti að beita þvingunarúrræðum.

Reglugerðabreytingar á mengunarvarnasviði

Nokkur breyting varð á fyrirkomulagi útgáfu starfsleyfa á umhverfis- og mengunarvarnasviði með tilkomu reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit þann 30. maí 2018. Nú er skylda að auglýsa öll starfsleyfi á umhverfis- og mengunarvarnasviði og er auglýsingin þríþætt. Fyrst skal auglýst móttaka umsóknar um starfsleyfi, síðan er auglýst tillaga að starfsleyfisiskilyrðum með athugasemdafresti í fjórar vikur og að lokum skal auglýsa útgáfu starfsleyfisins með upplýsingum um kæruleið og kærufrest. Útgáfu allra nýrra og endurnýjaðra starfsleyfa á umhverfis- og mengunarvarnasviði skal einnig fylgja greinargerð þar sem farið er yfir málsmeðferðina frá móttöku umsóknar til útgáfu starfsleyfis.

Þessu ferli fylgir töluvert aukin vinna við starfsleyfisútgáfuna, auk þess sem málsmeðferðin sjálf, sérstaklega hvað varðar einföld starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, hefur lengst um a.m.k. fjórar vikur frá því sem áður var. Á það t.d. við um útgáfu svokallaðra brennu- og skoteldaleyfa, sem gefin eru út fyrir áramótabrennur og flugeldasýningar á öðrum tímum en um áramót. Þá er ótalið það óhagræði sem þetta fyrirkomulag skapar þegar bregðast þarf við neyðartilvikum, t.d. ef rífa þarf húsnæði með litlum sem engum fyrirvara vegna almannahættu, en niðurrið bygginga er starfsleyfis skyld starfsemi skv. ákvæðum reglugerðarinnar og skal, skv. ákvæðum hennar, auglýsa starfsleyfi fyrir slíkan gjörning í 4 vikur áður en starfsleyfi er gefið út.

Enn er beðið eftir að ný fráveitureglugerð líti dagsins ljós. Undirbúningur hennar hefur staðið yfir í nokkur ár.

Lóðir og lendur

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands var á árinu í góðu samstarfi við áhaldahús sveitarfélaga við að koma númerslausum bílum og öðrum hlutum af götum og opnum svæðum og mun halda því áfram, enda þarft verk. Á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þann 19. október 2018 var samþykkt að ráða starfsmann til eins árs til að sinna átaki í hreinsun lóða og lendna í umdæmi þess sem fyrirhugað er að ráðast í á árinu 2019.

Heimildir heilbrigðisnefnda sveitarfélaga eru skýrar hvað þetta varðar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um ábyrgð eiganda eða umráðamanns húss, mannvirkis og/eða lóða

Lóðarhafar eru ábyrgir fyrir því að umgengni lóðar sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Þannig segir í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti:

18. gr. 1. mgr.: „Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði“,

20. gr. 1. mgr.: „Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti“

og 21 gr.: „Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðar, bíflök og sambærilega hluti á almannafæri að undangenginni viðvörun, svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum“.

Í reglugerð nr. 737/2003 um meðferð úrgangs, segir:

„Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni.

Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bíflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum.

Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu“.



MYND 15. LÓÐ SEM ÞARFNAST TILTEKTAR

Kærur vegna hreinsunar lóða og lendna

Um valdsvið og þvingunarúrræði heilbrigðiseftirlits er vísað í gr. 60-61 laga nr. 7/1998. Heimilt er að kæra málsmeðferð og aðgerðir heilbrigðiseftirlitsins til sérstakrar úrskurðarnefndar sbr. 65. gr. sömu laga. Slík kæra eða málsskot frestar þó ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Fallið hafa tveir úrskurðir í slíkum málum á jafn mörgum árum, báðir heilbrigðiseftirlitinu í vil.

Í undirbúningi er átak um hreinsun á lóðum og lendum í samræmi við samþykktina á Aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2018.

Verkefni umhverfisgæðahóps UST og HES

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tekur þátt í starfi umhverfisgæðahóps Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna eins og áður er getið. Vorfundur hópsins fór fram í Kjós þetta árið. Helstu verkefni hópsins voru að vinna áfram við gerð áhættumats og endurskoðun samræmdra starfsleyfissskilyrða, en langt er síðan starfsleyfissskilyrðin voru síðast uppfærð, m.a. m.t.t. laga- og reglugerðabreytinga. Jafnframt var ákveðið að fara í lítið eftirlitsverkefni samhliða eftirlitsverkefni hollustuháttahóps Umhverfisstofnunnar og heilbrigðiseftirlits-svæðanna um sundlaugar, þar sem kannað var ástand fráveitumála sundlauganna og hvort klórgildi í fráveitu væru undir mörkum hjá þeim sundlaugum sem losa frárennsli sitt beint í ferskvatn. Skýrsla verður birt á vef Umhverfisstofnunar.

Loftgæði

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með fimm loftgæðamælum í eigu Orku Náttúrunnar (ON) vegna útblásturs brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun.


Loftgæðamælarnir eru staðsettir í Norðlingaholti, í Lækjarbotnum, í Hveragerði, á Hellisheiði og á Nesjavöllum. Verkfræðistofan Vista hefur umsjón með ofangreindum mælum, þ.e. daglegum rekstri og kvörðunum, og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur umsjón með yfirferð og leiðréttingu gagna.

Skv. reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti m.s.br. skal:

- styrkur hlaupandi 24 klst. meðaltals ekki fara oftar en 3 sinnum á ári yfir $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$,
- ársmeðaltal ekki fara yfir $5 \mu\text{g}/\text{m}^3$,
- tilkynna almenningi með formlegum hætti þegar styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti hefur að meðaltali verið yfir $150 \mu\text{g}/\text{m}^3$ í þrjár klukkustundir samfelld.

Árið 2018 var upptími mælitækja í Norðlingaholti, Hveragerði og í Lækjarbotnum 99,9% og því eru frummælingar til útreiknings ársmeðaltals á öllum stöðum taldar áreiðanlegar, sbr. samræmda verklagsreglu um úrvinnslu gagna úr H_2S loftgæðamælum.

Hlaupandi 24 klst. meðaltal fór hvergi yfir $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ á árinu. Ársmeðaltal ársins 2018 í Norðlingaholti var $3,0 \mu\text{g}/\text{m}^3$ en var $3,1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ árið á undan eins og lesa má út úr mynd 16. Í Hveragerði lækkaði ársmeðaltalið töluvert á milli ára og mældist $3,4 \mu\text{g}/\text{m}^3$ árið 2018 en var $4,2 \mu\text{g}/\text{m}^3$ árið 2017. Í Lækjarbotnum var ársmeðaltalið $2,6 \mu\text{g}/\text{m}^3$ sem er það sama og árið 2017.



MYND 16. ÁRSMEÐALTAL H_2S MÆLINGA

Í lok árs 2017 var afkastageta lofthreinsistöðvar virkjunarinnar á Hellisheiði aukin þannig að nú hreinsar hún útblástur frá öllum vélarsamstæðum í aðalhusi Hellisheiðarvirkjunar sem og í

Sleggju. Hreinsar lofthreinsistöðin nú um 60-80% af því H_2S sem losnar við vinnslu jarðhitavökvans í virkjuninni. Hins vegar er engin hreinsun á útblæstri frá Nesjavallavirkjun.

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti utan skilgreindra iðnaðarsvæða var innan þeirra marka sem sett eru í ákvæðum reglugerðar nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti m.s.br. Eins og sjá má á mynd 16 hefur mengun af völdun brennisteinsvetnis í andrúmslofti minnkað á undanförnum árum. Árið 2012 sker sig úr vegna þess að loftgæðamælar voru bilaðir meira en 30% af árinu, þ.e. meira og minna allt sumarið, og því eru mælingar ómarktækar. Hins vegar er ekki óeðlilegt að mengun vegna brennisteinsvetnis hafi aukist töluvert á tímabilinu frá 2011-2013 því að í september 2011 voru tvær vélasamstæður í Sleggjunni svokölluðu gangsettar, til viðbótar við þær fjórar sem eru í aðalvirkjunarhúsinu, en engar ráðstafanir voru gerðar til að draga úr brennisteinsvetnismengun frá Hellisheiðarvirkjun fyrr en um mitt ár 2014 þegar fyrsta áfanga lofthreinsistöðvar var hleypt af stokkunum. Mælingar ársins 2015 þarf að skoða með það í huga að stillingum loftgæðamæla var breytt þannig að mælarnir mældu einnig SO_2 vegna eldgossins í Holuhrauni, og eru þær því mögulega ekki eins nákvæmar og mælingar fyrir árin 2016, 2017 og 2018.


Sorp og seyra

Á árinu 2018 vann Heilbrigðiseftirlit Suðurlands könnun á gámasvæðum á eftirlitssvæði sínu. Var könnunin hluti af eftirlitsverkefni á landsvísu á vegum Umhverfisstofnunar og var markmið hennar að kanna hvort móttaka rafeinda- og raftækjaúrgangs, spilliefna, veiðarfæra og lyfjaleifa væri samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi. Við vinnslu verkefnisins kom í ljós að allnokkur gámasvæði á eftirlitssvæði Suðurlands voru án gilds starfsleyfis, en allir rekstraraðilar brugðust skjótt við og sóttu um tilskilin leyfi. Ekki er búið að vinna endanlega úr niðurstöðum verkefnisins en verður væntanlega birt skýrsla á vef Umhverfisstofnunar þegar niðurstöður liggja fyrir.

Á Suðurlandi hefur markvisst verið unnið að úrbótum í fráveitumálum á undanförnum árum. Enn vantar þó nokkuð upp á að lokaáfanga verði náð varðandi nokkur stærri verkefni í þéttbýli. Þetta eru kostnaðarsamar framkvæmdir, en nauðsynlegar, bæði með tilliti til mengunarvarna og hollustuhátta auk útivistar og atvinnu. Í flestum fráveitusamþykktum sveitarfélaga á Suðurlandi eru nú komin ákvæði um losun seyru bæði frá íbúðarhúsum og frístundabyggð. Í framhaldi af þeirri þjónustu hefur jafnframt verði unnið að förgun/nýtingu seyru.

Í dreifbýli eru rotþrær einkum notaðar við fráveitur, en rotþró ásamt siturlögn er skilgreind sem ígildi tveggja þrepa hreinsunar. Við ákveðnar aðstæður þarf þó að beita meiri tækni og betri hreinsun. Á nokkrum stöðum á Suðurlandi er þörf á meiri og betri hreinsun, vegna sérstöðu viðkvæmra vatnasvæða. Má þar nefna vatnsverndarsvæði Þingvallavatns.


Fjármál og rekstur




MYND 17. FRAMLÖG SVEITARFÉLAGA TIL REKSTRAR

Framlag hvers aðildarsveitarfélags til rekstar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram á mynd 17 hér að framan. Hlutfall milli framlaga sveitarfélaganna og eftirlitsgjalda og annarrar gjaldtöku kemur fram á mynd 18 hér að neðan og til útskýringar á myndinni vísar súluritið til tekna í krónum á vinstri y-ás og hægri y-ás koma fram prósentutölur þ.e. hlutfall framlags sveitarfélaganna í rekstri eftirlitsins. Á x-ásnum eru ártölin.

Miklar annir á árinu urðu til þess tekjurnar urðu meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og kemur það einnig fram í súluritinu. Útgjöldin voru hins vegar í samræmi við það sem fjárhagsáætlun 2018 gerði ráð fyrir. Hækkun tekna er að mestu skýrð með auknum fjölda eftirlitsskyldra fyrirtækja. Hefur fyrirtækjum á Suðurlandi fjölgað jafnt og þétt eins og einnig kemur fram á myndinni. Í áætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir auknu hlutfalli í framlagi sveitarfélaganna þar sem á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2018 samþykktu aðildarsveitarfélögin að greiða sem samsvarar einu stöðugildi til að gera embættinu kleift að fara í tiltekta átt á lóðum og lendum. Fjárhagsáætlun ársins 2019, sem var spádómur gerður fyrir aðalfundinn í október, gerir ekki ráð fyrir eins miklum tekjum og raunin varð á árinu 2018, en ef fram heldur sem horfir má reikna með að tekjur verði meiri en áætlunin gerði ráð fyrir. Laun eru eðlilega langstærsti kostnaðarliðurinn eins og kemur fram á mynd 19 hér á eftir. Liðurinn annar sérfræðikostnaður fór nokkuð fram úr áætlun, sem helgast af lögfræðikostnaði sem var meiri en áður vegna þess að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur þurft að grípa til varna vegna kærumála.



MYND 18. TEKJUR HSL OG HLUTFALL FRAMLAGA SVEITARFÉLAGANNA



MYND 19. HELSTU KOSTNAÐARLIDIR HEILBRIGÐISEFTIRLITS SUÐURLANDS SKV. ÁRSREIKNINGI

Lokaorð

Heilt yfir var árið 2018 gott, starfsemin umfangsmeiri en nokkru sinni og verkefnin óþrjótandi. Rekstur embættisins var góður og afkoman betri en áætlað var. Útgjöld voru í samræmi við fjárhagsáætlun en tekjurnar voru hreinlega meiri en reiknað var með sem er í samræmi við þunga verkefnastöðu allt árið. Eiginfjárstaða embættisins hefur því lagast nokkuð en er samt sem áður enn töluvert neikvæð (tæpar 30 milljónir) þrátt fyrir hagnað á rekstri síðasta árs.

Góð samvinna milli eftirlits og fyrirtækja er okkur mikils virði. Við teljum okkur sjá jafnan og góðan árangur af slíkri samvinnu í bættum hollustuhátta-, mengunar- og umhverfismálum. Bestu störfin vinnum við tíðindalaust með slíkri samvinnu.

Þessari ársskýrslu er ætlað að gefa einhverja hugmynd um hin fjölbreyttu verkefni sem er á og rekstri embættisins. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar, www.hsl.is

Að lokum ber að þakka fyrir gott samstarf við eftirlitsþega, stofnanir, sveitarfélög og almenning og hlökkum við til að takast saman á við verkefnin framundan.

Selfossi 9. maí 2019

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri